

Viðmið í lögfræði

Ph.D. (þrep 3, stig 1)

Við lok doktorsprófs í lögfræði (Ph.D.) skal eftirfarandi viðmiðum náð til viðbótar þeim viðmiðum sem náð var á fyrri stigum:

Þekking og skilningur

Að námi loknu

- hefur nemandinn yfirgripsmikla þekkingu og skilning á kenningum og grunnatriðum lögfræðinnar.
- hefur nemandinn verulega reynslu af beitingu lögfræðilegrar aðferðafræði þannig að hann getur leyst úr flóknum faglegum og aðferðafræðilegum álitaeftum.
- hefur nemandi lagt til mikilvægar nýjungar á fræðasviði sínu með sköpun nýrrar þekkingar eða nýstárlegri beitingu og vinnu með þekkingu sem fyrir er.

Að námi loknu er nemandinn fær um að leggja til sjálfstætt frumlegt framlag til þekkingarsköpunar í lögfræði.

Að námi loknu er nemandinn fær um að gegna vísindastörfum og öðrum störfum þar sem krafist er beitingar vísindalegra vinnubragða.

Tegund þekkingar

Að námi loknu

- hefur nemandi djúpa þekkingu á heildarmynd lögfræðinnar og samþættingu hennar við aðrar fræðigreinar auk tengsla íslensks réttar, erlends réttar og þjóðaréttar.
- býr nemandi yfir umtalsverðri sérþekkingu á tilteknu undirsviði lögfræðinnar, sem hann hefur aflað sér með eigin rannsóknum, þ.m.t. skilning á nýjustu þekkingu á sviðinu.
- hefur nemandi átt frumkvæði að sköpun nýrrar þekkingar og túlkun hennar með rannsóknum sínum.
- hafa rannsóknir nemandans staðist skoðun og rýni annarra fræðimanna á sviðinu og falið í sér mikilvægt framlag til þróunar viðkomandi sviðs lögfræðinnar.

Hagnýt hæfni

Að námi loknu

- hefur nemi faglegar og aðferðafræðilegar forsendur til að takast á við ný og flókin verkefni af hvaða réttarsviði sem er, að teknu tilliti til allra réttarheimilda, krafna um vísindaleg vinnubrögð, siðferðilegra gilda og samfélagslegra áhrifa.
- getur nemandi beitt fræðilegri þekkingu sinni gagnrýnið á hagnýt viðfangs- eða álitaefti, þ.m.t. þau sem krefjast faglegs mats og samþættingar.
- hefur nemi fræðilega þekkingu og þekkingu á aðferðafræði lögfræði og vísinda sem gerir honum kleift að takast á við verkefni sem krefjast aðferðafræðilegra nýjunga eða endurskilgreiningar á viðurkenndi aðferðafræði á sviðinu.
- hefur nemandinn eflt með sér greinandi og gagnrýnandi lögfræðilega hugsun sem hann fékk einnig þjálfun í á ML stigi.
- Getur nemi skipulagt og framkvæmt rannsóknir og verkefni sem eru nýmæli innan fræðigreinarinnar

- hefur nemi forsendur til og hefur fengið þjálfun í að beita frumlegri faglegri hugsun og sköpunargáfu á verkefni af ýmsum toga, hvort heldur þau lúta að öflun nýrrar þekkingar, miðlun hennar eða þróun á nýjum skilningi og aðferðum.

Fræðileg hæfni

Að námi loknu

- hefur nemandi fengið þjálfun í að glíma við flókin – hvort heldur er faglega eða aðferðafræðilega – viðfangsefni og í því að setja fram sjálfstæða skoðun á þeim.
- hefur nemandi kynnt umfangsmikla og mikilvæga fræðiritgerð, sem er birtingarhæf á fræðilegum vettvangi innanlands eða utan.
- hefur nemandi reynslu af því að kynna niðurstöður sínar og taka þátt í fræðilegri umræðu um þær.
- hefur nemandi víkkað út eða bætt við þekkingarsvið viðkomandi fræðasviðs.
- hefur nemandi öðlast færni í beitingu vísindalegra vinnubragða sem uppfylla kröfur sem gerðar eru í vísindasamfélaginu.
- getur nemandi aflað sér traustra upplýsinga um ný svið hratt og örugglega, metið þær og greint og byggt á þeim eins og við á.
- er nemandi ljóst að fræðigreinin og rannsóknir hans á henni hafa siðferðilega og samfélagslega skírskotun
 - o hefur nemandinn skilning á því að honum ber að hafa siðferðilegar grundvallarreglur í heiðri í öllum störfum sínum.
 - o hefur nemandinn skilning á samfélagslegum áhrifum fræðigreinarinnar og mismunandi lausna álitafna og ábyrgð sinni að því er snertir rannsóknir sínar og störf.
 - o hefur nemandinn skilning og þekkingu á samspili og samþættingu lögfræði og annarra fræðigreina.

Hæfni til samskipta, upplýsingalæsi og miðlun

Að námi loknu getur nemandi

- kynnt sérfræðisvið sitt fyrir öðrum, jafnt almenningi, sérfræðingum á öðrum sviðum og fræðimönnum á viðkomandi sviði.
- mótað, skipulagt og framkvæmt sjálfstæðar vísindalegar rannsóknir.
- stjórnað rannsóknaverkefnum og borið ábyrgð á niðurstöðum slíkrar vinnu og því að gætt sé faglegra, vísindalegra og siðferðilegra sjónarmiða.
- tekið þátt í fræðilegri umræðu, þ.á m. kynnt nýjungar á fræðasviðinu, átt í gagnrýnum samskiptum á viðkomandi sviði, kynnt niðurstöður eigin rannsókna og búið þær til birtingar á ritrýndum vettvangi.
- nýtt sér þekkingu sína á siðfræði og siðfræði vísinda sérstaklega við afmörkun, skipulagningu og kynningu verkefna og niðurstaðna.
- aflað sér bestu mögulegu upplýsinga og nýtt sér þær með greinandi og gagnrýnum huga.
- notað rafræna miðla til að kynna sér og miðla upplýsingum.

Námshæfni

Að námi loknu hefur nemandi

- yfirgripsmikla þekkingu á grunnforsendum vísindastarfs og beitingu vísindalegrar aðferðafræði.
- gert sér grein fyrir takmörkum þekkingar sinnar og annarra auk marka fræðasviða.
- tileinkað sér gagnrýna afstöðu til þekkingar.
- færni til að efla nýsköpunar- og frumkvöðlastarf á fræðasviðinu.